| **Almennt** | |
|---|---|
| **Heiti:** | Sveitarstjórn Dalabyggðar - 156 (14.12.2017) - Sala eigna |
| **Fyrirtæki:** | Dalabyggð |
| **Mál:** | Sala eigna - Laugar í Sælingsdal |
| **Númer:** | 1609021 |
| **Dagsetning fundar:** | 14.12.2017 |
| **Inngangur:** | Borist hefur tilboð í hlut Dalabyggðar í jörðinni Laugar í Sælingsdal, skólalóð ásamt hitaveituréttindum, öll mannvirki og jörðina Sælingsdalstungu að frátalinni vatnsveitu Dalabyggðar. |
| **Niðurstaða:** | Samþykkt |
| **Bókun** | Til máls tóku: Sigurður Bjarni, Ingveldur, Eyþór, Þorkell, Valdís, Jóhannes. Fram komu tvær tillögur: Tillaga 1: Sveitarstjórn samþykkir fyrirliggjandi tilboð 450 millj. kr. með fyrirvara um að ekki komi fram betra tilboð fyrir 30. desember nk. Eignirnar verði auglýstar í einu lagi í fasteignablöðum um komandi helgi. Tillaga 2: Sveitarstjórn samþykkir að leggja fram gagntilboð 470 millj. kr. Gagntilboðið gildir fyrir eignarhluta og allar eignir Dalabyggðar og Dalagistingar í jörðunum Laugar og Sælingsdalstungu að frátöldu vatnsverndarsvæði og vatnsréttindum Sælingsdalstungu. Tilboðið verði með fyrirvara um að ekki komi fram hærra tilboð fyrir 30. desember nk. og að eignirnar verði auglýstar í einu lagi í fasteignablöðum um komandi helgi. Einnig verði fyrirvarar um að langtíma leigusamningur náist um húsnæði Byggðasafnsins og um afnot af íþróttahúsi og sundlaug. Fundurinn er sammála um að tillaga 1 verði tekin til afgreiðslu á undan. Afgreiðsla á tillögu 1. Tillagan felld með 4 atkvæðum (IG, HSS, VG, JHH) gegn þremur. Afgreiðsla á tillögu 2. Tillagan samþykkt með 6 atkvæðum. Einn sat hjá (SBG). |
| **Ítarbókun** | |
| **Bókun:** | |